








Samþykkt hann
19 AUG 2009
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson
















**Fyrirhugaðar framkvæmdir:** Núverandi hús á lóðinni Gunnarssundi 9 verður rifið og þar byggt nýtt einbýlishús innan sama byggingarreits og gamla húsið og með sama grunnflöt, 75 m². Nýja húsið verður bárujárnsklætt timburhús á einni hæð með portbyggðu risi á steyptum sökkli og plötu. Enginn kjallari verður undir húsinu.

**Undirstöður**, stoðveggir og gólfplata verður steypt og platan einangruð að neðan með 100mm einangrun. Austanvið húsið verða drenlagnir.
**Burðarvirki útveggja** verður timburgrind úr 48x123 c/c600mm einangruð með þéttull og klædd álsinkhúðuðu bárujárni á 12mm krossviðarplötum.
**Þakvirki** verður úr 48x223mm sperrum c/c 600mm á 90x367mm límtrésásum og stálsúlum RHS 80x80x4. Einangrun verður 200mm þéttull, loftun 22mm og þakið klætt álsinkhúðuðu bárujárni á tjörupappa.
**Gluggar og útihurðir** verða úr álklæddu timbri með tvöföldu gleri. Þakgluggar verða frá Velux eða samb.
**Í milligólfinu** verða stálbitar HEA140 á stálsúlum RHS 80x80x4 sem bera gólfbita 48x198c/c400mm.
**Klæðningar að innan** Á útveggjum og í þaki verður rakavarnarlag og lagnagrind og veggir og loft klæddir spónaplötum eða timburpanil. Tröppur verða úr timbri og gólf parketlögð en gólf á böðum og þvottaherb. flísalögð.
**Brunamál** Loft- og veggfletir að innan verða amk. í fl. 2. Berandi byggingarhlutar verða amk. REI30 og utanhúss-klæðning í fl. 2.
**Lagnir** Inntök heits og kalts vatns verða undir stigapalli. Á jarðhæð verður gólfhiti en ofnar undir þakgluggum á rishæð. Undir hellulögn við austurgafl verður snjó-bræðslukerfi. Rafmagnstafla verður í þvottahúsi.
**Útigeymsla / skjólþak** Austanmegin við húsið verður útigeymsla, skjólþak yfir aðaldyr og sorpskýli með burðarvirki úr timbri, báruplasti á þaki og veggir klæddir trérimlum.
**Lóð** Að götu verður steyptur stoðveggur. Við austurgafl verða lagðar hellur með rampa að götu og meðfram norðurhlið hellulagður göngustígur og steyptar tröppur. Við vesturgafl verður timburpallur. Engin bílastæði eru á lóðinni.
**Stærðir** Br.gr.fl. aðalhæð: 75 m², útigeymsla: 5,4m², rishæð (sh<1,8:) 54,3m², alls 134,7m² (birt flatarmál). Rúmmál húss: 417,6m³, útigeymsla: 13,1m³, alls 430,7m³. Lóðin er 199,5 m² og nýtingarhlutfall verður 134,7/199,5=0,675.

17.08.2009 steyptir veggir á lóðarmörkum teknir út
10.08.2009 húsgögn á rishæð

# GUNNARSSUND 9, HAFNARFIRÐI

**Aðaluppdráttur 7. júlí 2009 leiðr. 10. ágúst 2009**
Grunnmyndir, sneiðing og útlit 1:100,
afstöðumynd 1:200, lýsing

**Arkitektar Ólöf & Jon ehf.**
Ólöf Flygenring arkitekt faí kt. 100955-4669
Jon Nordsteien arkitekt mnal kt. 180756-2139
5527873 / 8997873 / lolo-jon@simnet.is